



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG FRÚ ELIZU REID TIL EISTLANDS**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú halda í opinbera heimsókn til Eistlands í dag, 20. júní 2018, og stendur heimsóknin dagana 21.-23. júní. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, verður með í för auk embættis- og aðstoðarmanna. Eistar minnst þess í ár að 100 ár eru liðin frá því þeir stofnuðu fyrst lýðveldi og efna þeir til viðamikilla hátíðarhalda af því tilefni.

Heimsóknin hefst með formlegri móttökuathöfn við forsetahöllina í Tallinn að morgni fimmtudagsins 21. júní og mun forseti þá eiga fund með Kersti Kaljulaid, forseta Eistlands. Þessu næst mun forseti skoða miðstöð Atlantshafsbandalagsins í vörnum gegn tölvuglæpum í borginni, eiga hádegisverðarfund með Eiki Nestor forseta Riigikogu, eistneska þingsins, og annan með Jüri Ratas forsætisráðherra. Þá verður farið í Mannréttindamiðstöðina í Tallinn og minningarsetur tónskáldsins Arvo Pärt en um kvöldið sóttir tónleikar í listamiðstöðinni Kultuurikatel áður en gengið verður til hátíðarkvöldverðar í boði forseta Eistlands.

Föstudaginn 22. júní halda forsetahjónin til Tartu og snæða þar ásamt öðrum þjóðhöfðingjum hádegisverð í boði borgarstjórnar Tartu. Þennan dag er átjándi skiptið sem háskólanemar Eystrasaltslanda efna til söng- og danshátíðar, sem þeir kalla Gaudeamus, og hófst sú hefð að safna þannig saman ungu fólk frá þessum grannríkjum árið 1956. Meðal tiginna gesta, sem reiknað er með að sækji viðburðinn að þessu sinni, eru auk forseta Eistlands og Íslands, forsetar Finnlands, Georgíu, Lettlands, Litháens og Póllands.

Eftir hádegisverðinn heimsækir forseti Íslands Háskólann í Tartu og á þar fund með nemendum en því næst er haldið í þjóðminjasafnið sem hlaut tilnefningu sem Minjasafn Evrópu 2018. Um kvöldið munu gestir

fagna blysgöngu Sönghátíðarinnar á bökkum Emajogi árinna þar sem kórar, dansarar og gestir safnast saman og gleðjast.

Næsta dag verður haldið til Tallinn og þar munu forseti Íslands og forsetafrú kveðja gestgjafa áður en haldið er heim á leið til Íslands.

*20. júní 2018*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*